



STJÓRN MÁLAHEIMSPEKI

Stjórn málaumræða samtímans mótast að miklu leyti af kenningu bandaríska heimspekingsins John Rawls um réttlæti, en með henni má segja að vestrænt frjálslýndi hafi gengið í endurnýjun lífdaga. Í námskeiðinu er fjallað um kenningu Rawls, uppsprettur hennar, áhrif og andsvör við henni. Fjallað verður almennt um frjálshyggju og frjálslýndi, nytjastefnu, fjölmenningu, umræðu- og þáttökustjórn mála, femínisma o.fl. Rætt verður um nokkur knýjandi úrlausnarefni samtímans á borð við einstaklingsfrelsi, jöfnuð, sjálfsmynd, umburðarlyndi og mismun.

NÁMSMARKMIÐ	BÆKUR	FYRIRKOMULAG	NÁMSMAT
Staðgóð þekking á helstu kenningum stjórn málaheimspekings samtímans	John Stuart Mill, Frelsið John Rawls, A Theory of Justice	Hópurinn hittist kl. 9.45 á þriðjudögum. Fyrirlestur og umræður standa til kl. 10.55 en vinnutími frá 11.05 til 12.00.	8 verkefni eru lögð fyrir nemendur yfir önnina, eitt hefur tvöfalt vægi. Lægsta einkunn dregst frá (að hálfu leyti ef lægsta einkunnin er í tvöfalda verkefninu). Verkefnaeinkunn er 60% af lokaeinkunn. Próf er skriflegt. Leyfilegt að hafa meginmargtölur með sér í prófi en engin önnur gögn leyfð.
Færni til að takast á við pólitískar spurningar í ljósi kenninga	Robert Nozick, Anarchy, State and Utopia Michael Sandel, Public philosophy : essays on morality in politics Chantal Mouffe, The Democratic Paradox		
Skilningur á siðferðisvanda í stjórn mála, og hvernig hægt sé að taka á slíkum vanda	Vilhjálmur Árnason: Farsælt líf réttlátt samfélag. Reykjavík: Forlagið, 2008. FLRS – Einnig verður lagt fyrir ítarefni eftir þörfum.		

TÍMI	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAD NÁMSEFNI	VERKEFNI OG SKIL
1. vika, 5. janúar 2010; Frjálslýndisstefnan, John Stuart Mill og frjálshyggja samtímans	Fjallað verður um fyrstu þrjá kaflana í Frelsinu eftir John Stuart Mill og farið vandlega í merkingu frelslisreglu hans. Einnig verður rætt um hvernig og að hve miklu leyti Frelsið er grundvallarrit í þróun vestræns frjálslýndis. Vinnutími: nemendur ræða mögulegar réttlætningar á því að takmarka málfrelsi (hópvinnu) og kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum.	Mill, bls. 33-167	Einstaklingsverkefni, skriflegt, 500-800 orð. Frelslisregla Mills er einföld, en öflug: Hún afmarkar leyfilega valdbeitingu með skýrum og ótvíræðum hætti. En er hún órávíkjanleg? Tryggir hún að valdi sé beitt þegar á að beita því, og að því sé ekki beitt þegar ekki á að beita því? Skil 8. janúar, frestur til 23.55. Vægi 7,5%
2. vika, 12. janúar 2010; Frelsi, réttlæti, stofnanir	Yfirferð yfir Frelsið lokið og John Rawls kynntur til sögunnar. Í fyrirlestri er fjallað um meginmarkmið hans með ritinu Theory of Justice og leiðir hans til að sýna fram á vægi réttlætishugtaksins í allri umræðu um skipan samfélagsins. Vinnutími: Nemendur hefja vinnu við verkefni vikunnar undir leiðsögn kennara.	Mill, bls. 168-201; Rawls k. 1-3 (bls. 3-15) Ítarefni: Jacobson: Mill on Liberty, Speech and the Free Society	Hópverkefni 1200-1500 orð: Hvað er réttlæti? Skil 15. janúar, frestur til 23.55. Vægi 7,5%

TÍMI	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAÐ NÁMSEFNI	VERKEFNI OG SKIL
3. vika, 19. janúar 2010; Réttlætiskening Rawls	Í þessum tíma er markmiðið að byggja ofan á þá greiningu á réttlætishugtakinu sem rædd var síðast og ná betur áttum um kenningu Rawls í heild sinni, þróun hennar og afleiðingar. Vinnutími: Farið verður yfir helstu atriði sem betur þarf að huga að í verkefnum sem nemendur skiluðu 15. janúar. Hóparnir fá verkefni aftur í hendur.	FLRS bls. 269-290	Hópverkefni. Nemendur vinna áfram að verkefni fyrri viku og bregðast við athugasemdum kennara. Skil 20. janúar. Vægi 7,5%
4. vika, 26. janúar 2010; Byrjunarstaðan og mismunarreglan	Rætt verður um lykilhugmyndir í verki Rawls og hvernig þær eru notaðar til að leggja röklegan grunn að hugmyndum um skipulag samfélagsins. Markmiðið er að nemendur nái góðum tókum á þessum hugmyndum og geti rætt þær í samhengi og velt fyrir sér gagnrýni á þær. Einkum er áherslan á muninn á samfélaginu sem Rawls leggur grunn að og samfélögum fullkominarhyggju. Vinnutími: Hópurinn horfir saman á kvikmyndina 1984 sem gerð er eftir samnenfdri skáldsögu George Orwells.	Rawls k. 4, 13, 14, 24 (bls. 15-19; 65-78 og 118-123)	Engin verkefnaskil í þessari viku. Nemendur vinna að paraverkefni sem skila á viku 5.
5. vika, 2. febrúar 2010 Grunnskipan, yfirvegað jafnvægi	Haldið áfram með kenningu Rawls og rætt um hinn pólitíska vettvang eins og kenningin skilgreinir hann. Hvaða þættir þurfa að vera til staðar til þess að samfélagsskipanin geti í raun ráðist af líkaninu á þann hátt sem ætlast er til? Vinnutími: Umræður um útópiur og dystópiur.	Rawls k. 15, 16 (bls. 78-86) Ítarefni: Jón Ólafsson: Dauði útópiunnar í pólitík og upprisa hennar í vísindum	Hvað hefur Rawls á móti Útópíu? Byrjunarstaðan og mögulegar leiðir úr henni. Paraverkefni 2500-3000 orð. Skil 5. febrúar, frestur til 23.55. Vægi 15%
6. vika, 9. febrúar 2010; Frjálshyggja Nozicks	Robert Nozick er einn helsti andmælandi Rawls frá hægri. Í tímanum ræðum við um frjálshyggju hans og mótrök hans við kenningu Rawls. Vinnutími: Afdrif frjálshyggjunnar í samtímanum. Umræður.	Nozick bls. 3-25, 150-154 og 183-198 (á námsskjá)	Krossapróf 9. febrúar, í upphafi verkefnatíma. Vægi 7,5%
7. vika, 16. febrúar 2010; Samfélagshyggja, marxismi	Fylgismenn samfélagshyggju gagnrýna Rawls á allt öðrum forsendum en Nozick. Í tímanum verður fjallað um þessa gagnrýni og þá sýn á samfélagið sem hún byggir á. Í framhaldi af því verður rætt um marxisma og áhrif hans. Vinnutími: Hópurinn horfir á valda kafla úr námskeiði Sandels við Harvard háskóla sem gert hefur verið aðgengilegt á vefnum.	Communitarianism, grein á Stanford Encyclopedia of Philosophy (á námsskjá) Sandel, Morality and the Liberal Ideal, bls. 147-156 (á námsskjá) Ítarefni: Jón Ólafsson: Innri proski, ímynd og samfélagssáttmáli – Gagnrýni á tímum góðæris og samstöðu (á námsskjá) Antonio Negri: Kommúnismi: Fáeinir hugleiðingar um hugtakið og notkun þess	Einstaklingsverkefni. Mikilvægi samstöðu og sameiginlegra gilda fyrir velferð samfélagsins. 1000-1200 orð. Skil 19. febrúar, frestur til 23.55. Vægi 7,5%
8. vika, 23. febrúar 2010; Róttæk stjórn málaheimspeki, fjölmening	Margir samtímaheimspekingar, ekki síst þeir sem kenndir eru (eða kenna sig) við póstmóðernisma gagnrýna Rawls á þeim forsendum að kenningin geri ráð fyrir einsleitni eða samleitni í samfélaginu. Þessir höfundar benda á að samfélagið sé í eðli sínu átakasvæði og túlka verði stjórn máli í ljósi átaka frekar en í ljósi grundvallarsamþykkis um gildi eða grunnreglur. Þessi gagnrýni verður kynnt og tekin fyrir í tímanum. Vinnutími: Umræður um ritun þar sem tekin verða fyrir dæmi úr ritgerðum nemenda.	Mouffe bls. 1-36 (á námsskjá) Ítarefni: Brian Barry: The Politics of Multiculturalism (á námsskjá) Susan Mendus: Liberalism, equal opportunities and cultural commitments (á námsskjá)	Einstaklingsverkefni. Manufacturing Consent. 1000-1200 orð. Skil 26. febrúar, frestur til 23.55. Vægi 7,5%

TÍMI	EFNI DAGSINS	LESEFNI OG ANNAÐ NÁMSEFNI	VERKEFNI OG SKIL
9. vika, 2. mars 2009 Feminismi	Rætt verður um feminisma sem hreyfingu í stjórnmálum og sem fræðilega afstöðu í stjórnmálaheimspeki. Vinnutími: Hópurinn horfir á heimildamynd um rauðsokkahreyfinguna, Konur á rauðum sokkum.	Feminist Political Philosophy grein á Stanford Encyclopedia of Philosophy (á námsskjá) Jean Hampton: Feminist Contractarianism (á námsskjá)	Hópverkefni. Gagnrýni og umfjöllun um Konur á rauðum sokkum. Skil 5. mars, frestur til 23.55. Vægi 7,5%
10. vika, 9. mars 2009 Rökræðulýðræði	Lýðræðishugmyndin er kjarninn í vestrænni stjórnmálahugsun. Það er þó ekki þar með sagt að það sé að öllu leyti skýrt eða óumdeilt hvað lýðræði felur nákvæmlega í sér. Rökræðulýðræði gerir ráð fyrir að rökræður og þátttaka sem flestra í lýðræðislegu ferli sé nauðsynlegt skilyrði lýðræðis, ekki síður en kjör og meirihlutaræði. Í þessum tíma verður fjallað um kosti og galla rökræðulýðræðis. Vinnutími: Rætt verður um spurninguna: Eru rökræður stundaðar í stjórnmálum? Hópar vinna saman og kynna niðurstöður.	Joshua Cohen: Deliberation and Democratic Legitimacy (á námsskjá) Ítarefni: Dewey's Political Philosophy (á námsskjá) John Dewey: Democracy is radical (á námsskjá)	Ekkert verkefni
11. vika, 16. mars 2009 Samantekt: Áhrif réttlætiskenningarinnar	Samantekt um efni námskeiðsins: Réttlætiskenning Rawls vegin og metin og rætt um mismunandi tegundir af mati á henni og gagnrýni á hana. Vinnutími: Spurningar og svör um prófið og efni námskeiðsins.	Burton Dreben: On Rawls and Political Liberalism (á námsskjá)	Ekkert verkefni
12. vika Próf			